



|                   |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                     |
|-------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Heiti námsgreinar | Grunnteikning                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                       |
| Heiti áfanga      | GRUN1GT05                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                           |
| Númer áfanga      |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                     |
| Viðfangsefni      | Grunnatriði teiknifræða                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                             |
| Lýsing            | <p>Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur öðlist almenna undirstöðuþekkingu og þjálfun í teiknifræðum. Áfanginn skiptist í tvo megin efnispætti. Í fyrra efnispætti er fjallað um fallmyndun og ásmyndun og þeim seinni útflatninga og fríhendisteikningu. Í áfanganum er gert ráð fyrir að nemendur öðlist færni í meðferð og notkun mæli- og teikniáhalda, myndrænni vinnu með viðfangsefni starfsgreina, lestur teikninga og fái grunnþjálfun í gerð vinnuteikninga og þrívíðra rissteikninga. Áfanginn er undirbúningur fyrir áframhaldandi nám í teiknifræðum og lestri vinnuteikninga.</p> |
| Forkröfur         | Engar                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                               |
| Þekkingarviðmið   | <p><b>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li>• undirstöðu í almennum teiknifræðum</li><li>• lestri teikninga</li><li>• gerð vinnuteikninga</li></ul>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                        |
| Leikniviðmið      | <p><b>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li>• útskýra viðfangsefni í formi fríhendisteikninga</li><li>• nota teikni- og önnur mæliáhöld við gerð vinnuteikninga</li><li>• lesa teikningar</li><li>• þjálfist í að hugsa af nákvæmni um og vinna myndrænt með viðfangsefni starfsgreina, svo sem á sviði hönnunar og iðngreina</li><li>• miðla upplýsingum með tæknilegum teikningum</li><li>• gera einfaldar tæknilegar vinnuteikningar</li></ul>                                                                                                     |
| Hæfniviðmið       | <p><b>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li>• hefja nám í fagbundnu teikninámi og öðru fagnámi, svo sem á sviði hönnunar og iðngreina</li></ul>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                    |



|                              |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                    |
|------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
|                              | <ul style="list-style-type: none"><li>• skipuleggja, árita og ganga frá einföldum tæknilegum teikningum og miðla upplýsingum</li><li>• á skilvirkan hátt</li><li>• hefja frekara nám í teiknifræðum</li></ul>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                      |
| <b>Grunnpættir menntunar</b> | <p>Í námi vélvirkja eru sex grunnpættir menntunar samþættir:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Læsi felst í að skilja og nota tæknilegan texta og teikningar.</li><li>• Sjálfbærni birtist í vistvænni vinnu, viðhaldi og endurvinnslu.</li><li>• Heilbrigði og velferð tryggja öryggi, rétta líkamsbeitingu og góða vinnustaðamenningu.</li><li>• Lýðræði og mannréttindi koma fram í virðingu, samvinnu og ábyrgð.</li><li>• Jafnrétti stuðlar að aðgengi allra að náminu óháð kyni eða bakgrunni.</li><li>• Sköpun er þjálfuð með lausnaleit, hönnun og umbótum á verkferlum.</li></ul> <p>Grunnpættirnir efla bæði faglega hæfni og persónulegan þroska nemenda.</p> |
| <b>Heimsmarkmið</b>          | <p>Heimsmarkmið og málmiðgreinar tengjast með áherslu á sjálfbæra þróun, umhverfisvernd og ábyrga framleiðslu. Nemendur læra að nýta efni skynsamlega, flokkamálma til endurvinnslu og vinna með öruggum og vistvænum hætti. Með þessu stuðla þeir að markmiðum eins og ábyrgri neyslu (12), góðri heilsu og öryggi (3), og aðgerðum í loftslagsmálum (13).</p>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                    |
| <b>Námsmat</b>               | <p>Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá</p>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                |